

**Málefнасamningur  
Framsóknar og óháðra  
og Viðreisnar í  
Ísafjarðarbæ  
2026–2030**



# Málefнасamningur Framsóknar og óháðra og Viðreisnar í Ísafjarðarbæ 2026–2030

## Skólamáli

- Mönnun í leikskólum verður tekin til sérstakrar skoðunar til að tryggja samfellu frá lokum fæðingarorlofs til grunnskóla, efla menntun leikskólakennara og auðvelda atvinnuþátttöku.
- Húsnæði Grunnskólans á Ísafirði, Eyrarskjóls og Sólborgar verða stækkuð á kjörtímabilinu.
- Reglur verða mótaðar, í samráði við starfsfólk og ungmennaráð, um símanotkun í skólum.

## Tómstundir

- Almenningsamgöngur verða endurskoðaðar með sérstaka áherslu á börn og ungmenni í smærri byggðakjörnum.
- Þjónusta við ungmenni verður eflað með samstarfsverkefnum og breyttum reglum um frístundastyrki.
- Hoppubelgur verður settur í Holtahverfi.

## Innviðir og skipulagsmál

- Ferlar og skipulag á umhverfis- og eignasviði verða áfram endurskoðuð til að bæta þjónustu og málshraða. Skýrir mælikvarðar um árangur verða settir upp.
- Tryggt verður framboð á fjölbreyttum lóðum í öllum byggðakjörnum.
- Aðalskipulag verður klárað. Deiliskipulag með þéttingu byggðar í miðbæ verður klárað auk annarra framfaramála í skipulagi.

## Umhverfi og ásýnd

- Ísafjarðarbær mun leiða með góðu fordæmi og halda svæðum Ísafjarðarbæjar snyrtilegum og vel hirtum. Íbúar og fyrirtæki í öllum kjörnum verði virkjuð í áttak undir forystu bæjaryfirvalda.
- Mótuð verður stefna um göngustíga og gönguleiðir, sem hafi meðal annars það hlutverk að fjölga göngustígum og viðhalda þeim sem fyrir eru, merkja gönguleiðir og finna hvernig stígar geta nýst sem best fjölbreyttum útivistarformum. Aukinn hraði verður settur í áætlun um gerð og viðhald gangstétta.

## Atvinnulíf

- Fyrirtæki og atvinnuuppbygging verða löðuð til bæjarfélagsins með virku samtali og góðri þjónustu.
- Barist verður fyrir bættu rafkerfi, auknu umhverfisvænu sjókvíaeldi, eflingu heilsársferðapjónustu og bættum samgöngum allt árið um kring.

## **Velferð**

- Unnin verður tímasett aðgerðaráætlun um að bæta hjólastólaaðgengi.
- Móttökuáætlun fyrir innflytjendur verður innleidd.
- Settar verða reglur um tekjutengda frístundastyrki fyrir eldri borgara.
- Aksturþjónusta félagsþjónustunnar verður efl.
- Unnið markvisst eftir nýsamþykktri forvarnarstefnu.

## **Íþróttir**

- Stofnaður verður hópur um framtíðarskipulag íþróttaaðstöðu á Torfnesi.
- Viðhald og tækjakaup verða aukin í íþróttamannvirkjum.
- Skíðasvæðin tvö verða efl. með áframhaldandi uppbyggingu.
- Fundinn verður staður til uppbyggingar aðstöðu fyrir akstursíþróttir og fjallahjólreiðar sem einnig nýtist öðrum íþróttum.

## **Menning**

- Unnið verður að gerð þríhliða samnings um rekstur Edinborgarhúss.
- Gerð verður úttekt á rekstrarfyrirkomulagi til eflingar Byggðasafns Vestfjarða.
- Styrktarsjóður hafna Ísafjarðarbæjar verður stækkaður til að efla menningu og februn bæjarins.

## **Stjórnsýsla**

- Fjárhagsleg markmið verða uppfærð og stefnt að enn frekari lækkun skulda.
- Áhersla verður lögð á að byggja upp betri samvinnu og traust milli byggðakjarna.
- Ungmennaráð verður stofnað.
- Bærinn tekur vel í umræður um sameiningu sveitarfélaga á svæðinu.
- Vefsíðu bæjarins verður breytt í ísafjarðarbær.is.

## **Samgöngu- og hafnamál**

- Móttökuhús fyrir gesti af skemmtiferðaskipum verður klárað.
- Viðhald og nýframkvæmdir á höfnum verða aukin.
- Rekstrarfyrirkomulag og gjaldskrá Hafna Ísafjarðarbæjar verða endurskoðuð til að uppfylla ákvæði hafnalaga.
- Stefna og aðgerðaáætlun um móttöku skemmtiferðaskipa verður endurskoðuð.